

# HÁTÍÐ HAFSINS





HAFTID  
HAFSINS  
10. - 11. JUNI 2017  
WWW.HAFSINS.HFT.ID

# Sjómannadagurinn

er alltaf haldinn hátíðlegur fyrsta sunnudag í júní um land allt, enda hátíðisdagur allra sjómanna. Dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur þann 6. júní 1938 á Ísafirði og í Reyjavík og var lögskipaður frídagur sjómanna 1987.





Mynd tekin 6. júní 1938, þegar Sjómannadagurinn var haldinn hátíðlega í fyrsta skiptið. Hátíðarhöld fyrir framan stytta Leifs Eiríkssonar á Skólavörð-uholti. Mikill mannfjöldi umhverfis styttuna, bifreiðar í forgrunni. Í baksýn má sjá svokallað Listvinahús, til hægri hús við Frakkastíg.

Dagsetning hátíðarinnar fylgir Sjómannadeginum sem alltaf er haldinn fyrsta sunnudag í júní.



# Hafnardagurinn

var fyrst haldinn árið 1992 í tilefni af 75 ára afmæli Reykjavíkurhafnar. Tilgangurinn var að minnst afmælisins og að kynna hafnarstarfsemina í Reykjavík fyrir íbúum borgarinnar.





Myndir frá byggingu Reykjavíkurhafnar. Elsti hluti hennar, Ingólfsgarður, var reistur frá 1913 til 1915 og lokið var við gerð Örfiriseyjargarðs 1917.



Árið 2002 var ákveðið að sameina þessa tvo hátíðardaga í Reykjavík í eina hátíð undir nafninu

# Hátíð hafsins

og eru því komin 17 ár frá því að Hátíð hafsins var haldin í fyrsta sinn.

Hátíð hafsins er haldin sem ein af megin borgarhátíðum í Reykjavíkurborgar, í þeim tilgangi að gefa fjölskyldufólki tilefni til að heimsækja hafnarsvæðið í Reykjavík og kynnst störfum sjómanna.





Dagmar Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri Concept Events





# MARKMIÐ HÁTÍÐARINNAR

- Að fræða
- Að heiðra aldraða sjómenn
- Að minna á hve hafið hefur verið okkur gjöfult og mikilvægur þáttur í uppbyggingu lands og þjóðar
- Að minna á að Reykjavík væri ekki sú borg sem hún er í dag ef ekki hefði verið fyrir byggingu Reykjavíkurhafnar.
- Að minna fólk á að neyta sjávarafurða
- Að fá Reykvíkinga til að safnast saman einn dag á ári og hylla hafið og allt sem tengist því.
- Að efla menningu og listir í tengslum við hafið.
  
- Að fjölskyldan geti gert sér glaðan dag á hafnarsvæðinu án mikils kostnaðar en allt sem er í boði hátíðarinnar er frítt.



# Samstarfsaðilar Hátíð hafsins

Fyrirtæki og þjónustuaðilar á svæðinu  
Umhverfisstofnun  
Hafrannsóknarstofnun Íslands  
Slysavarnarfélagið Landsbjörg  
Björgunarsveitin Ársæll  
Sjóminjasafnið









Geta vaxormar leyst  
plastvandann í hafinu?



HREINT LAND  
HREINT HAF

3 milljón tonn af plasti  
í hafið á hverju ári

vaxormar leyst  
plastvandann?

Hátíð hafsins

UMHVERFIS





**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**  
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna





  
**YSAVARNAFÉLAG  
LANDSBJÖRG**







## HÁTÍÐARSVÆÐIÐ

Nær frá Hörpu, gegnum Gömlu höfnina, yfir Grandagarð og að HB Granda (á sunnudeginum). Aðal hátíðarsvæðið er staðsett á Grandagarði þar sem m.a. Heiðrun Sjómannanna fer fram.

## ÞRÓUNIN

Frá árinu 2009, þegar hátíðin var fyrst haldin á Grandagarði hefur orðið heilmikill uppvöxtur á svæðinu. Til að byrja með voru aðallega ýmisskonar hönnunarfyrirtæki staðsett í gömlu verbúðunum en undanfarin ár hafa áherslur breyst nokkuð. Fjöldi veitingastaða hafa komið sér fyrir á Grandanum. Þá hóf Sjávarklasinn rekstur fyrir nokkrum árum síðan með nýsköpun í Sjávariðnaði og nú síðast með opnun Mathallarinnar.





# HÁTÍÐ HAFSINS

WWW.HATIDHAFSINS.IS

- 1 Línubú
- 2 Hvítu tjöldin
- 3 Dorgveiðikeppni
- 4 Koddaslagur
- 5 Sjóbúð
- 6 Listasmiðjur
- 7 Bótabryggja
- 8 Kraftakeppni
- 9 Sjóstangveiðifélagið
- 10 Björgun úr sjó
- 11 Kajaksýning
- 12 Ingólfsgarður
- ..... Gönguleið
- Lokað

 Faxaflóahafnir of Associated Icelandic Ports



24 HARPA P



**Fjöldi þeirra sem hefur sótt hátíðina frá byrjun hefur margfaldast og í ár mættu um 40.000 manns skv. könnun Gallup.**



**Þar með er Hátíð hafsins orðin ein af megin borgarhátíðum Reykjavíkurborgar auk þess sem fjöldi erlendra ferðamanna hefur stóraukist.**



**Markmiðið er ekki endilega að fjölga gestum heldur frekar að styrkja hátíðina enn frekar.**



# LOSTATI ÚR HAFINU



TÓNLIST  
SKEMMTUN  
UPPÁKOMUR

















# HEIÐRUN SJÓMANNA







HÁTÍÐ  
HAFSINS



HÁTÍÐ  
HAFSINS



#hatidhafsins



#hatidhafsins







## **Hátíð hafsins - framtíðin**

**Umhverfisstefna – setja okkur stefnu í umhverfismálum í tengslum við hátíðina**

**Skoða samstarf við skóla og leikskóla**

**Skoða frekara samstarf við Reykjavíkurborg þar sem nýr miðbær er að rísa**

**Efla innviðina og leggja enn frekari áherslu á samstarf við fyrirtækin á svæðinu og breyttar áherslur þar**



**SHIP O HOJ!**

**Takk fyrir**

